

Mætt eru Anna Júlía, Anna María, Garðar Kári, Susanne og Linda í stjórn og 5 fundargestir.

Brynhildur Bjarnadóttir kosin fundarstjóri.

Farið var yfir námskeiðin, vilji til að halda áfram með svona námskeið sem hugsuð eru fyrir alla en kannski sérstaklega fyrir þá sem ekki eru að njóta sín í íþróttum.

Rætt um endurvakningu jólaföndurs eftir covid tíma. Nánari tímasetning verður ákveðin á fyrsta fundi stjórnar á næstu dögum.

Umræða um fræðslu, stjórnin hafði rætt á síðasta skólaári við samtökin '78 um hinsegin fræðslu. Á þeim tímapunkti hentaði það ekki, t.d. vegna kostnaðar við fræðsluna. Upp kom hugmynd að kanna með hinsegin fræðslu nær okkur sem fæli mögulega í sér minni kostnað og kanna á með það hjá Hin - Hinsegin Norðurland hvort að möguleiki væri á slíkri fræðslu.

Rætt um fræðslu um net og netöryggi, teljum mikilvægt að hafa slíka fræðslu reglulega þar sem að breytingar eru örar í þessum heimi.

Einnig hugmynd um að fá fræðslu um innflytjendur og fjölmenningu. Í okkar samfélagi sem breyttist ört teljum við mikilvægt að fá fræðslu um fjölbreytileikann í samfélaginu okkar. Það eru fleiri tungumál töluð en íslenska. Fundarstjóri nefnir að möguleiki sé að kanna með slíka fræðslu hjá starfsfólki Háskólans á Akureyri.

Kanna mögulega fræðslu um geðheilbrigði og geðhjálp.

Rætt um möguleikann á því að nýta okkur tæknina þegar fræðsla verður haldin og stefnan á að taka tvær fræðslur á þessu skólaári þar sem að covid og fleira setti strik í reikninginn í fyrra og ekkert varð að fræðslu síðasta árs. Hugmyndin er þá að streima frá fræðslunni svo þeir sem ekki geta mætt á staðinn geti samt fylgst með og komið á framfæri spurningum eða athugasemdum ef vilji er fyrir því.

Rætt um skólapúlsinn, skólinn okkar kom almennt vel út.

Kaffihlé

Rætt um að til að fá fólk frekar til að mæta á aðalfund (fyrir utan að muna að senda einnig á mentor strax og boð um fund fer á facebook) hafi verið notað að hafa fræðslu í framhaldi af aðalfundi, talið auka líkur á mætingu á fundinn en þátttaka hefur verið mjög dræm síðustu ár. Tekin nokkur umræða um símanotkun á unglíngastigi, hvernig á að stýra notkun barna á sínum í frímínútum? Foreldrar hafa heyrt frá börnum sínum á unglíngastigi að það séu „hvort sem er allir í símanum svo það sé ekki hægt að eiga samræður við neinn“. Umræða um það og spurningar varðandi símalausan skóla líkt og gert er á Húsavík, þarf að leyfa síma á unglíngastigi?

Ýmsar spurningar og umræður varðandi þetta mál, en fundargestir nokkuð samstíga um að foreldrar gætu tekið sig saman með þetta varðandi að minnka símanotkun og vilja ræða við skólann hvað hefur verið prófað í þessum efnum og hvers vegna ákvörðun um það að leyfa síma á unglíngastigi í frímínútum var tekin. Skólinn vinnur samkvæmt stefnunni um jákvæðan aga og því er verið að velta fyrir sér hvort hafi verið farið í lausnaleit eða gert einhvern sáttmála um símamál innan skólans við nemendur (hafa þau með í ráðum)? Í framhaldi af þessu var rætt um mikilvægi félagslegra samskipta hjá börnunum okkar og upp kom hugmynd að foreldrafélagið gæti keypt spil sem gæti verið notuð innan skólans. Teljum að reglulega ætti taka fræðslu um símanotkun/samfélagsmiðla.

Ákveðið að hafa samband við skóla varðandi þessi símamál og fá upplýsingar og svör við því sem brennur á okkur varðandi símamál á unglíngastigi. Hvað er búið að gera til að minnka símanotkun og stjórn/foreldrafélagið vill koma með tillögu að því sem hægt væri að gera.

Varðandi símanotkun þá líka yngri barna var rætt um að foreldrar innan bekkja hafi oft samræmt sig og rætt sín á milli hvaða forrit börnin eru að nota hverju sinni og hvort þeim þyki æskilegt að börnin séu að nota þau eða ekki.

Skýrsla gjaldkera yfirfarin og samþykkt.

Rætt um hækkun á árgjaldi til félagsins en gjaldið hefur lítið hækkað undanfarin ár og er einungis 1500 kr á heimili á ári sem er með barn/börn í skólanum. Tillaga um að tvöfalda gjaldið í 3000 krónur á ári á hvert heimili og þannig hafa rýmri ráð til að hafa t.d. fræðslur og námskeið. Fundarstjóri leggur til hækkun í 3.þúsund krónur á ári á heimili og sú tillaga var samþykkt einhljóða.

Búið er að rukka fyrir þetta ár, 1500 krónur á heimili og vilji til að kanna hvort að hægt sé að rukka aftur um áramót um 1500 kr, ákveðið að ræða við Söndru á skrifstofu sveitarfélagsins varðandi það. Kynna þarf þessa hækkun fyrir foreldrum nemenda skólans, biðja Nönnu um að senda á alla foreldra og tilkynna hækkunina.

Varðandi námskeiðshald á vegum félagsins var rætt um að nauðsynlegt væri að láta foreldra barna borga staðfestingargjald hyggist þau nýta sér námskeið.

Kosning stjórnar, Susanne sem setið hefur í þrjú ár í stjórn, Garðar formaður set setið hefur í tvö ár og Anna Júlía sem einnig hefur setið í tvö ár í stjórn munu ekki gefa kost á sér áfram. Margrét Hrund Kristjánsdóttir gefur kost á sér í stjórn og er kosin inn einhljóða. Anna María gefur kost á sér í skólaráð og kosin einhljóða. Susanne fer úr stjórn og stjórn falilð að finna tvo nýja í stjórn, Anna Júlía og Garðar Kári starfa áfram með stjórn þar til nýjir stjórnarmeðlimir verða komnir til að fylla í skarðið. Ákveðið að stjórn kanni áhuga fólks í kring um sig áður en að farið verður að leita leiða til þess að auglýsa eftir fólki sem hefur áhuga á að koma inn í stjórn foreldrafélagsins.

Rætt um það hvað gerist ef fólk fæst ekki í stjórn, en þá verður svokölluð stjórnarkreppa.

Fundargestir ræða um að stjórn geti haft jákvæð áhrif á samfélagið okkar sem fer hratt stækkandi.

Rætt um vinalópa á yngsta stigi, til að foreldrar og börn kynnist betur.

Fundi slitið kl. 22:02